

Marz 1965

# FÉLAGSBLAD NÝALSSINNA

---



Útgefandi: Félag Nýalssinna  
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson  
Úlfsstöðum, Borgarfirði

## FORSÍÐUMYND TUNGL JARÐARINNAR

A neðri hluta myndarinnar sést Tysko-gígurinn sem er 92 km í þvermál og 5200 m feta djúpur. Í miðju hans er tindur sem er um 500 m á hæð. Út frá gínum ganga ljóslitar rákir í allar áttir, hundruð mílna að lengd.

Hinir stóru, dökku blettir eru svokölluð höf og heita ýmsum nöfnum, svo sem: Regnhaf, Kymahaf, Pakahaf, Stormahaf o.fl. Stafa nöfn þessi frá þeim tínum er menn héldu þetta vera höf, en nú vita menn að ekkert vatn er á tunglinu. Þessir dökku blettir munu vera viðáttumiklar sléttur. Ljósu svæðin, aftur á móti eru fjalllendi tunglsins. Eru þau hringfjöll stórkostleg eða gígar, sumir tugir kílómetra að þvermáli, en aðrir minni af öllum mögulegum stærðum, allt niður í nokkra metra að þvermáli, auk gíganna, eru þarna miklir fjallgarðar, með nöfnum eins og Alpafjöll, Pyreneafjöll, Openniafjöll: Hæsti fjallstindur, sem mældur hefur verið á tunglinu er um 8.200 metrar, og er í Leibnisfjallaklasanum. Af öðrum sérkennilegum jarðmyndunum á tunglinu má nefna sprungur og gjár, sumar mjög stórkostlegar, sem teygja sig hundruð km. eftir yfirborði tunglsins.

Þvermál tunglsins er 3.480 km. Það snýr alltaf sömu hlið að jörðinni, og snýst því einn hring um sjálfst sig í hverri umferð eða á 28 dögum. Einn tungldagur er því 14 dagar og tunglnótt 14 dagar. Álið er að kulti tunglnæturinnar komist niður undir  $200^{\circ}\text{C}$ , og að hitinn á þeirri hlið er að sól snýr verði allt að  $100^{\circ}\text{C}$ . Talið er að ekkert líf geti þróast á tunglinu, enda er þar kvorki vatn né loft, og öll önnur skilyrði til lífs hin erfiðustu.

I. A.

Heimild: La Lune banbéeue de la Ferre, eftir Jean Lacraux.

Marz 1965

# FÉLAGSBLAD NÝA LASSINNA

## INNGANGSORÐ.

Mælzt hefir verið til þess við mig, að ég láti nokkra greinar-gerð fylgja lögum, reikningum og fundargerðum, sem ætlast er til, að félagsblaðið flytji við lok þessa árs, og hefir þá líklega verið talið upp efni blaðsins í þetta sinn. Við reikninga félagsins hefi ég vitanlega engu að bæta. Þar er aðeins um að ræða staðreynd, sem hver getur séð. En geta skal ég þess, eins og ég hefi verið beðinn um, að gjaldkeri kvað nú telja það knýjandi nauðsyn, að árgjald félagsmanna verði hækkað. Er það samkvæmt því, sem ég hefi lagt til áður, en ekki var þá látið koma í framkvæmd vegna ótta við, að félagsmónum kynni að fækka við þá ráðstöfun. En von-andi er nú enginn félagsmanni svo illa staddir fjárhagslega, að svo sem 200 kr. árstillag yrði honum tilfinnanlegt. En verði horf-ið að slíkri hækkuun, yrði að breyta 7. gr. laganna, sem vera mun frá árinu 1955.

Fimm af sjö fundargerðum, sem koma eiga í þessu blaði, hefi ég hér við hendina, og þykir mér gott að sjá af þeim, að um-ræður á fundum hafa verið margskonar. Viðleitni til skilnings á hinum ýmsu fyrirbærum tilverunnar hefir þar löngum komið fram og vil ég leyfa mér að vera þar í eitt skipti einn af þáttakendum þó að eftir á sé.

A fundi þeim, sem ég vel mér til þáttöku í kom fram sú spurning, hversvegna það nægi manni ekki eitt að sofa, heldur verði þar einnig draumur að koma til, og er ég sammála þeim Ingvari og Ásmundi um, að Helgi Pjeturss hafi ekki beinlínis svar-að því. En ástæðan til þess, að hann hefir ekki gert það, er einfald-lega sú, að þessar niðurstöður eða kenning um tvískipting svefnsins í draum og draumleysi var ekki komin fram um hans daga. Svefn-sambandið var það, sem dr. Helgi uppgötvaði, og er ekki of sagt, að þar sé um mjög miklum mun stærra atriði að ræða en þessar nýju athuganir eru. Og til þess nú að geta svarað þessari spurningu, sem fram kom þarna á fundinum, er nauðsynlegt að gera sér það ljóst sem fram kom hjá Guðrúnú Emilsdóttur, að þessar nýju niður-stöður eru ekki allskostar réttar. Það er eins og hún sagði, alls

að miklast af því að vera Nýalssinnar, enda mun hið ríkjandi hugsanavald ekki gefa slíku mikinn byr í segin Nýalssinnar eru víst margir vanmáttugir og getulitlir vegna fylgisleysis annara við málstað þeirra og þá ef til vill stundum vegna þess, hvernig þeir sjálfir eru. En vel mættu þeir þó hafa það í huga að Nýalssinnar væru þeir ekki, ef ekki ættu þeir í fórum sínum meira af andlegu sjálfstæði en almennt gerist, og tel ég því ák aflega ólíflegt, að slíkir menn kunni ekki frá ýmsu því að segja, sem vert væri þess að birtast í blaðinu.

Porsteinn Jónsson

## BROTA BROT.

Á 17.öldinni voru trúarbragðastyrjaldir svo skaðsamlegar, að jafnvel það sem 20.öldin hefur mátt reyna í þeim efnum yfirgengur þær ekki nema að sumu leyti. Einkanlega bitnuðu þær hart á hinni ógæfusömu þýzku þjóð, og mætti ef til vill segja, að hún hafi aldrei náð sér eftir þau ósköp, sem þá dundu yfir. Á Frakklandi höfðu þær gengið yfir öllu fyrr í mesta ofsa sínum en á Ítalíu og Spáni drottnuðu rannsóknarréttur og Kristmunkareglu og kæfði allt frelsi og framfarir. England slapp einna bezt eða bjargaði sér bezt, og varð borgarastyrjöld Cromwells aldrei að eiginlegu trúarbragðastríði, þótt með trúarlegum blæ væri, og þó að hún gengi auðvitað næri þjóðinni, þá var þar ekki um að ræða auðn eða niðurfall menningar að sama skapi sem á Pýzkalandi.

Á þessum tíma voru vísindin að eflast, þrátt fyrir ofsóknirnar, og varð sókn þeirra mest í Englandi á síðari hluta aldarinnar. Karl konungur annar sótti fundi í Vísindafélaginu ( Royal Society ), en sagt er að hann hafi hlegið, þegar hann sá menn vera að fást við það að vigta andrúmsloftið. En þær tilraunir urðu síðan undirstaða þess að hægt var að smiða gufuvél auch margs annars. Hooke og Newton fundu að dráttaraflað og mörgum öðrum en slíkum frömuðum vísindanna fór að verða það alveg ljóst, að jörðin er hnöttur sem snýst í kring um sjálfa sig og um sól. Heimssamband fóru menn að þekkja þótt ekki væri það heimssamband lífsins, og menn fóru að vita um aðrar stjörnur, þótt ófullkomlega væri og aðeins kunnugt litlum minnihluta fyrst. Um aldamótin 1700 er að vakna sá menningsar og framfaraandi, sem einkenndi 18.öldina og hina 19. á mörgum sviðum, og þennan mannúðaranda má alveg efalaust þakka því að hinn rétti heimsskilningur var þá að ryðja sér til rúms.

Porsteinn Guðjónsson.

Fundur í félagi Nýalssinna var haldinn föstudaginn 8. janúar að Laugavegi 24.

Formaður setti fundinn kl. 9.45. Bauð hann fundarmenn velkomna og kvaðst vona að framgangur kenninga Nýals yrði á þessu nýja ári sem mestur. Las hann því næst fundargerð síðasta fundar og voru engar athugasemdir við hana gerðar. Þar næst las Sigurður Ólafsson lokakaflann úr nýrri bók eftir Árna Óla, sem Reimleikar nefnist. En þar leitast höfundur við að skýra fyrirbrigðin út frá kenningum Helga Pjeturss. Og voru fundarmenn sammála þeim orðum Sigurðar, að mikilsvert væri að slíkar skýringar kæmu þarna fram. Þá las Ingvar Agnarsson frumsamda grein um stjörnufræði, þar sem m.a. sagði frá uppgötvun vetrarbrautahverfa með 9 þúsund vetrarbrautum. Kvað Ingvar annað eins og þetta vel til þess fallið að sýna hversu stórkostlegur þessi heimur okkar væri. Sigurður hafði orð á því að grein Ingvars þyrfti að koma í blaði og tóku fleiri undir það. Guðrún S. Jensdóttir sagði frá því, að Hákon Bjarnason hefði einhverntíma í erindi verið að tala um mikilleika heimsins og skammlífi mannsins þar og vanmátt, en taldi þó að ef menn ættu að lifa áfram á öðrum hnöttum myndu þeir fljótt verða þreyttir á þeim flækningi af einum hnetti á annan. Valdimar Guðlaugsson las grein eftir Þorstein Jónsson sem birtist í Tímanum 6. janúar og hét hún "Íslenzk skýring á eðli fyrirframskynjana."

Urðu síðan nokkrar umræður um fyrirboðadrauma, og hvernig þeir mundu vera tilkomnir. Taldi Ingvar að um tákndrauma gæti stundum verið að ræða sem fyrirboða eins og annars. Þeir kæmu stundum fram þannig, að um sterka líkingu virtist vera að ræða. Enn væri þó þarna eftir að skilja, samhengið, eða það hversvegna hliðstæður atburður annarsstaðar berst dreymandanum og kemur svo fram síðar.

Valdimar sagði það sína skoðun, að draumar væru tvennskonar, þ.e. draumar án vitundar draumgjafans og svo í öðru lagi draumar þar sem draumgjafinn veit af sambandinu. En það kvaðst Valdimar ekki skilja hvernig draumgjafinn sæi fram í tímann. S.Ó. kvaðst geta hugsað sér að það væri svipað og þegar við umgöngumst börn og sjáum hvernig fara muni ef þau óhindruð fá að aðhafast þetta eða hitt.

Og í draumi bætti Ingvar við, kynni persóna sem sæi hvað verða vildi að geta gefið dreymandanum samband við atburð líkan þeim sem framundan er.

Valdimar taldi að fremur mundi vera um aðsenda hugsun að ræða.

Ingvar nefndi þá sem dæmi draum Valdimars, þar sem hann þóttist vera á gangi í fjallshlið ( minnir mig ) og sá selshaus koma þar upp úr holu og bíta í hæl sér, en skömmu seinna varð Valdimar fyrir einhverju óhappi. Gat Ingvar þess til að fyrir samband við veru, sem sá fyrir óhappið hafi Valdimar svo aftur gefið samband við draumgjafa, sem sá dýrið í holunni og var bitinn af því. Valdimar taldi aftur á móti að veran hefði getað hugsað sér dýr og sent sér myndina. Ennfremur sagði hann frá því, að lengi hefði það verið svo að þegar sig hefði dreymt ákveðna konu, sem hét Sigurbjörg, hefði það ævinlega verið sér fyrir einhverju góðu, en þetta hefði horfið þegar hún dó. Taldi hann þessa konu hafa verið notaða fyrir táknumynd.

Ingvar taldi að ef til vill vera það ekki með öllu fráleitt að hugsa sér að vera sem stæði manninum miklu ofar að þroska og mætti gæti hugsað sér mynd og sent.

Og spurði hann í því sambandi hvort það hefði verið athugað hvernig hugsun bærist, hvort hún kæmi fram hjá viðtakanda sem hálfmynd, en þegar við hugsuðum um einhvern hlut kölluðum við fram daufa mynd af honum í huganum. Las Ingvar nú úrklinnu úr norsku blaði sem honum hafði borizt frá Þorsteini Guðjónssyni. Skyggn kona, Inga Tamnes var þar sögð hafa vísað á kindur, sem tapast höfðu og fundust þær eftir tilvísun hennar en þó ekki fyrr en hún breytti um fjarlægðina sem kindurnar áttu að vera í frá bænum. Talaði hún fyrst um 5 kílómetra, en breytti því svo aftur í two kílómetra og þá fundust kindurnar í umhverfinu, sem hún lýsti víst rétt. Og nú spurði Ingvar, hvort barst konunni þetta sem hugsun eða orð eða jafnvel mynd?

Valdimar sagði frá því að eitt sinn hefði komið í hug sinn, að maður sem hann vann með væri í hættu, og varaði hann manninn við að stíga ofan á nagla. Maðurinn taldi nú víst litla hættu á því, en rétt á eftir rak hann upp hljóð enda hafði þá hugboð Valdimars rætst og maðurinn stigið á nagla. En enga mynd kvaðst Valdimar hafa séð í sambandi við þetta. En af manninum er það frekar að segja, að hann sagði Valdimar hafa galdrar þetta yfir sig. Að loknum þessum umræðum las Hulda Valdimarsdóttir smákafla úr Nýal um stjörnusambandsstöð, þar sem segir að þegar byrjað yrði á því verki myndu menn fá hverja hugmyndina annarri betri um gerð hennar eða fyrirkomulag.

Fundi slitið rúmlega 11.  
9 manns sátu fundinn.

Sveinn Haraldsson.

## FUNDARGERÐ 1 MARZ 1965.

Aðalfundur í Félagi Nýalssinna var haldinn í marz 1965 að Café Höll. Formaður setti fundinn kl. rúmlega 9. Þá las Sveinbjörn Þorsteinsson að beiðni formanns upp kafla úr Sögu Frímanns í Sannýal. Því næst tók formaður til máls og kvað hann næsta atriði á dag-skránni vera störf aðalfundar og væri þar fyrst, að Sigurður Ólafsson gjaldkeri mundi leggja fram reikninga félagsins sem í þrjú ár ekki hefði verið gert, og væri það sér að kenna hvað tvö ár snerti. Gaf nú gjaldkeri skýrslu um efnahag félagsins fyrir árin 1962 – 1963 og 1964. Sagði hann félagið nú vera skuldlaust orðið vegna hagnaðar sem orðið hefði af sölu íbúðar þeirrar í Ljósheimum sem félagið á sínum tíma festi kaup á. Spurningu sem Stefán Thorarensen bar fram um það hvernig heimtur væru á félagsgjöldum, svaraði gjaldkeri á þá leið, að 91 félagi mætti teljast virkur í þeim eftirnum. En félagatalan væri rúmt hundrað. Formaður innti því næst fundarmenn eftir því hvort þeir vildu gera nokkrar athugasemdir við skýrslu gjaldkera. En svo var ekki. En Stefán Thorarensen létt þess getið að sér þætti Sigurður eiga þókk félagsmanna skilið fyrir velunnin gjaldkera-störf. En því eyddi Sigurður og sagði að heldur ætti að þakka Benedikt Björnssyni, sem beitt hefði sér fyrir íbúðarkaupunum.

Næst lá það fyrir, að sögn formanns, að kjósa stjórn fyrir næsta ár, 3 menn í aðalstjórn og two meðstjórnendur. Tillögur um breytingar á stjórninni komu engar fram og var hún því endurkjörin og samþykkt með almennu lófataki.

Formaður er því sem fyrr Ingvar Agnarsson en Sigurður Ólafsson gjaldkeri og Sveinn Haraldsson ritari. Meðstjórnendur eru Þorsteinn Jónsson og Sveinbjörn Þorsteinsson. Endurskoð-endur eru Halldór Halldórsson og Elsa G. Vilmundardóttir.

Formaður þakkaði traust það sem félagsmenn sýndu stjórninni með endurkjöri, en stjórnarinnar væri að sýna að hún væri traustsins verð. Þá las formaður bréf frá Gunnari Sigurjónssyni sem var að nokkru leyti stílað til fundarins og létt bréfritari m.a. í ljós von um að stjórnudýrð norðurhvelsins mætti ljóma yfir fundarmönnum. Og reyndist það svo að hér var vel stjórnubjart kvöldið sem fundurinn var haldinn. Bréfi Gunnars höfðu fylgt tvenn árgjöld og sagði formaður að gott væri ef allir félagsmenn væru jafnsamvirkusamir og Gunnar hvað þetta snerti. Næst minntist hann á handbók þá eða kennslubók í sam-bandsvísindum sem áður hefði verið rætt um að gefa þyrfti út, þó að af framkvæmdum hefði ekki orðið ennþá. En þó væri það mál engan veginn úr sögunni og yrði reynt að vinna að framkvæmd þess. Húsnaði sagði hann að hefði verið tekið á leigu fyrir starfsemi félagsins og til að geyma í bækur og annað sem félagið ætti. Og þar hefði í veturnar, upplýsti hann, einnig átt sér stað nokkur vísir að miðiltillaunum en að vísu með litlum

árangri en þó heldur batnandi. Af félagsblaðinu sagði hann að hefðu komið út á árinu 1964 3 hefti og jafnframt hefði formi þess og búningi verið breytt til hins betra. En þótt í því hefðu komið góðar greinar eftir nokkra höfunda hefðu of fáir orðið til að senda því greinar. Erindi um Mallorka flutti svo að lokum Helgi Lárusson og sýndi þaðan ljósmyndir. Urðu menn af frásögn hans margs vísatí um þessa sólríku eyju, þar sem hann hafði átt heima í 6 ár og unað vel hag sínum. Hlaut fræðsla hans góðar undirtektir fundarmanna.

Formaður þakkaði honum fróðlegt erindi og sleit fundi um hálf tólfleytið.

17 manns sátu fundinn.

Sveinn Haraldsson.

FUNDARGERÐ 5. MAÍ 1965.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 5. maí 1965, að Laugavegi 24. Formaður setti fundinn kl. 9.45. Því næst las Jón Sigurðsson upp úr Framnýal greinina Hvar eru framliðnir. Urðu síðan nokkrar umræður.

Þá las Sigurður Ólafsson grein eftir Þorstein Jónsson á Ulfsstöðum sem þá skömmu áður hafði birtst í Alþýðublaðinu, og nefndist hún, Rússneskar tilraunir og íslenzk athugun. Umræður urðu síðan nokkrar um drauma, einkum fyrirboðadrauma og hvernig þeir mundu vera tilkomnir.

Þá las Eyjólfur Kristjánsson fróðlegan kafla úr Íslendingabyggð á öðrum hnetti.

ENN urðu umræður en síðan las Ingvar Agnarsson upp úr bókinni Efnið, andinn og eilífðarmálin, þ.e. hluta af ritgerð Áskels Löve. Þar ræðir höfundur um guð og hugsanlega sambandsmöguleika við hann, en þá möguleika telur Áskell Löve býsna takmarkaða með tilliti til órafjarlægða geimsins annarsvegar og hins takmarkaða hraða ljóss og rafmagns hinsvegar, en það sé sá mesti hraði sem guð hafi skapað. Varð þá Jóni Sigurðssyni að orði, að hann hefði þarna gleymt hraða huggeislans. Hugsar Áskell Löve sér guð sem geysistóran rafeindaheila úti í geimnum og benti Ingvar á að aðeins væri í hugmynd Áskels gert ráð fyrir einum guði á sínum sérstaka stað í geimnum, þangað sem bænir ættu að berast til hans úr öllum áttum.

Rætt var um rökin fyrir kenningum Helga Pjeturss m.a. taldi Stefán Thorarensen það bera vitni um skarpskyggni Helga sem náttúrufræðings, er hann benti á að í framlífslysingu væri verið að lýsa risavöxnum sveppagróðri í myrkheimi annars hnattar, en lýsing þessi á mannætusveppum hefði komið í gegnum miðil áður, en kunnugt var að til væru hér á jörðu ránjurtir af

sveppaætt, smávaxnar að vísu. Og hefði Helgi jafnvel getað bent á hvaða tegund sveppa hér á jörðu mannætusveppirnir tilheyrðu. Ýmislegt fleira var rætt m.a. vakti Sigurður Olafss. máls á nauðsyn þess að koma upp vísi að stjörnusambndsstöð.

Fundi var slitið um kl. 11.15.

12 mannsátu fundinn.

Sveinn Haraldsson.

FUNDARGERÐ 2. JÚNÍ 1965.

Fund hélt Félag Nýalssinna miðvikudaginn 2. júní 1965, að Laugavegi 24. Formaður setti fundinn kl. 9.40. Lesin var fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt athugasemdaust. Hulda Valdimarsdóttir las því næst tvær greinar úr Þónýal, sem nefnast Jesú og Sókrates og Dregur að úrslitum. Umræður urðu síðan nokkrar.

Ingvar Agnarsson sagði í sambandi við síðari greinina, að stöðugt væri verið að nálgast úrslit þau, sem þar ræddi um, en jafnframt virtust þó ví sindamenn vera að nálgast þau sannindi sem til bjargar mættu verða.

Og mun þar einkum hafa átt við rannsóknir á svefni og draumum sem á síðari árum hafa verið gerðar vestan hafs. Grein hafði hann meðferðis um rannsóknir þessar sem þá fyrir skömmu hafði birtst í Vikunni, með fyrirsögninni Draumurinn er lífsnauðsyn. Og að beiðni formanns las nú Jósep Halldórsson þessa grein.

Bar Ingvar síðan fram þá spurningu hvernig á því stæði að okkur nægir ekki svefninn, heldur virtust draumarnir bráð nauðsynlegir, því eins og í greininni kæmi fram gætu t.d. kettir ekki án drauma lifað lengur en 20 daga.

Og sagði Ingvar að þessu virtist Helgi Pjéturss ekki hafa svarað. Hinsvegar taldi Valdimar Guðlaugsson að Helgi Pjeturss hefði skilið þessu lífsnauðsyn draumanna, því að lífgeislahleðslan væri draumarnir.

Asmundur Guðbjörnsson sagði að það kæmi ekki fram hjá Helgu Pjéturss að draumarnir væri svo nauðsynlegir heldur svefninn. Hugsanlega skýringu á þessu taldi þá Ingvar vera þá, að draumgjafarnir stilli okkur til sambands þangað sem við fáum svefnmagnanina frá, þ.e. við æðri verur.

Guðrún Emilsdóttir gerði þá athugasemd við þessar útlendu draumarannsóknir, að það væri vitleysa að klukkutími eða meira þurfi að líða áður en sofandann fari að dreyma, draumar byrjuðu miklu fyrr. En að því er þessa nauðsyn draumlífsins snerti, þá sagði hún það vera reynslu sína að slæmt væri að vakna af ólokn-

um draumi og stundum hefði draumur sem hún vaknaði af, haldið áfram þegar hún sofnaði aftur. Sigurður Ólafsson sagði um þessar rannsóknir, að menn væru þar ekki komnir yfir þröskuldinn ennþá. Jósep Halldórsson sagði frá draumi þar sem honum hefði sýnst flugur skríða út úr eggí og voru þær fagurgular á lit og hinar geðugustu. Ingvar Agnarsson minntist þá á einkennilega drauma, eins og t. d. draum Haraldar Jónssonar í síðasta hefti félagsblaðsins um sporin í fjörunni, í hverjum honum birtust myndir af Helga Pjeturss að því er honum þótti í draumnum. Kvaðst Ingvar ekki skilja slíka drauma. Sagði hann síðan einn draum sem hann sjálfan hafði dreymt og honum fannst vera meir en lítið bogið við. En í draumnum þóttist hann sjá í dal nokkrum úti undir berum himni, veizluborð, á að gizka ekki skemmta en hálfur annar kílómetri að lengd. Taldi Ingvar að í slíkum draumum hlyti að vera um einhver brengl á sambandinu að ræða. Sveinn Halradsson lét þess þá getið að Harald Jónsson dreymdi yfirleitt mjög skýrt. Næst las Ingvar upp úr bókinni Uppruni og eðli alheimsins, kafla um sísköpun efnisins, þar sem höfundur lætur sér detta í hug sísköpun úr engu. Urðu síðan umræður út frá því. Þá bar Guðrún Emilsdóttir fram þá spurningu hvað óráð væri og hafði hún í því sambandi sögu að segja af systur sinni sem dáið hafði 13 ára gömul. Rétt áður en hún dó var hún með óráði, og í óráðinu virtist hún skynja framliðna ættingja sína. Til marks um það hefði hún spurt „Valgerður langamma mín, ert þú líka komin til að sækja mig?“ Og væri þetta fyrir það enn athyglisverðara sagði Guðrún, að systir míni vissi ekki að hún hefði átt langömmu sem Valgerður hét.

Umræður nokkrar urðu svo undir lokin um greinar þeirra Þorsteins Jónssonar og Þorsteins Guðjónssonar í síðasta félagsbl. um Kaabersmál. Og töldu sumir fundarmanna þær gera fremur ógagn en gagn amk. út á við.

Fundi var slitið á tólfta tímanum.

11. manns sátu fundinn.

Sveinn Haraldsson.

## FUNDARGERÐ 27. ÁGÚST 1965.

Félag Nýalssinna hélt fund fimmtudaginn 27. ágúst að Laugavegi 24. Formaður, Ingvar Agnarsson setti fundinn kl. rúmlega 9 og bauð alla viðstadda velkomna á þennan fyrsta fund félagsins í nýju húsnæði, sem það hefur tekið á leigu. Las hann síðan fundargerð aðalfundar, sem samþykkt var með smávægilegri leiðréttingu. Lét því næst formaður þess getið, að einn af okkar beztu félögum Sigríður Björnsdóttir væri fyrir skömmu látin og því

samkvæmt nýölskum skilningi flutt héðan til framlífs á annarri stjörnu.

Síðan las Sigurður Ólafsson minningargrein um Sigríði, sem borizt hafði frá Þorsteini Guðjónssyni. Mun sú minningargrein birtast í félagsblaðinu.

Sigurður Ólafsson gat þess, að annar félagi Valdimar Long væri einnig nýlátinn.

Þá var næst upplestur úr Nýal, Stefán Thorarensen las ritgerðina Íslenzk framtíð og önnur. Urðu að því loknu umræður nokkrar. Þannig vakti Kristín Sigurðardóttir máls á því, hvað mundi hafa komið Helga Pjéturss til að benda í þessari ritgerð á Marconistöðina, til að gera í henni sambandstilraunir. Skýringuna á því hugði Stefán Thorarensen vera þá, að þar sem á slíkum stað væri einmitt mikið hugsað um fjarsambönd myndi H. P. hafa talið slíkt skapa góð skilyrði til lífrænna sambandstilrauna við aðrar stjörnur. Stefán minntist á að Águst H. Bjarnason hefði í gagnrýni sinni á Nýal á sínum tíma teft fram gegn honum kenningu um takmörkun hraðans við hraða ljóssins. En þeirri gagnrýni Á. H. B. hafði að sögn Stefáns, Trausti Ólafsson efnafræðingur á Akureyri, mikill gáfumaður og kunningi Stefáns, svarað og talið ekki hafa við nein fullgild rök að styðjast.

Þá hafði Ingvar Agnarsson orð á því, að í kennslubók gamalli, sem hann hefði lesið, hefði því verið haldið fram, að til væri einn hraði ljóshraðanum meiri, nefnilega hraði aðdráttaraflsins, en nú væru þó af einhverjum ástæðum vísindamenn hættir á þetta að minnast. Valdimar Guðlaugsson minntist á hughraðann, eða huggeislann og taldi hann hraðgeislaðri en ljósið.

Stefán Thorarensen taldi ekki víst þótt hugsað væri til fjarlægs staðar, að huggeislun leitaði þá æfinlega þangað, eða m.ö. o. út fyrir hugsandann.

Guðrún S. Jensdóttir varpaði fram þeirri spurningu hvað eða hver væri hraði hugans. Sigurður Ólafsson sagði að hugskeyti, sem héðan væri sent og fram kæmi í Englandi t.d. myndi fara þá vegalengd á engu lengri tíma en þótt sent væri staða á milli innan Reykjavíkur en fjarlægðir jafnvel þær lengstu á jörðinni, væru þó svo litlar að hraðamunur ljóss og huggeisla kæmi þar ekki fram.

Vék nú Ingvar A. að félagsmálum lítillega m.a. hinu nýja húsnæði. Stefán Thorarensen kvað sér lítast vel á það. Það væri hæfilega stórt meðan fundarsókn væri ekki meiri og reyndar líklegt, að menn kæmust í nánara samband hver við annan, og samstilltust betur í litlu húsnæði en stóru.

Þá las Ingvar Agnarsson bréf frá Önnu Jónsdóttur Þverhamri

Breiðdalsvík, þar sem henni lágu mjög vel orð til félagsins og málefnið þess, auk þess sem hún sendi því að gjöf 100 krónur. Í félaginu mun hún þó ekki vera. Ingvar minntist því næst á miðlinn og sagði að til stæði, að hann færí innan skamms að starfa fyrir félagið. Rætt var um sitjendur á miðlifsfundum, hvort vera ættu karlar sér á fundum og konur sér. Ingvar taldi samstillingu verða betri, ef blandað væri á fundum, konum og körlum.

Að lokum las Stefán Thorarensen nokkra kafla úr ritgerðinni Björgun Mannkynsins í Framnýal.

Á fundinum voru samþykktir með lófataki tveir nýir félagar. Guðrún S. Jensdóttir, Faxaskjóli 16, og Þorbergur Jónsson, Prestbakka, Síðu V.-Skaftafellssýslu.

Fundi slitið um kl. 11.00.  
Fundinn sátu 10 manns.

Sveinn Haraldsson.

#### FUNDARGERÐ 1. SEPTEMBER 1965.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 1. september 1965 að Laugavegi 24. Setti formaður fundinn kl. 9.30. Bauð hann fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund á haustinu, sem þó væri fámennari miklu en hann hafði gert sér vonir um.

Lesin var og samþykkt án athugasemdar fundargerð frá 2. júní. Næst tók Jón Sigurðsson að sér að lesa nokkra síðustu kafla ritgerðarinnar Glasir í Sannýal. Dálitlar umræður urðu á eftir. Þá barst í tal kenning Helga Pjeturss um samband við skylda en lengra komna viðburðarás á öðrum hnöttum, til skýringar á fyrirboðum. Í því sambandi sagði Jón Sigurðsson frá því að skömmu áður en stúlka féll ofan af húspaki og beið bana eins og hafði átt sér stað hér í Reykjavík nýlega eða á Njálgötunni hefði sig dreymt að hann sæi nakinn kvenmann varpa sér út um glugga, og koma niður á bakið. Var þetta á Lindargötunni að honum fannst í draumnum. Einnig sagði hann frá fyrirboðadraumi sem hann taldi hafa rætst nokkrum árum síðar – en sig dreymdi hann.

Sveinn Haraldsson las smágrein sem birtst hafði í Alþýðublaðinu sama dag, og nefndist hún „ Gestur úr geimnum ”.

Þá las Ingvar Agnarsson frumsamda ritsmið, sem hann nefndi „ Fljúgandi fiskar og önnur furðufyrirbæri ”. Og var þar framborin sú skýring á þessum fyrirbærum að þar væri um sam-

bandsskynjanir að ræða. Leitaðist hann við að skýra þannig nýlega blaðafrétt um Brazilfumann nokkurn sem sagður var hafa átt tal við um 70 sentimetra háan íbúa annarrar stjörnu hingað til jarðarinnar kominn með fljúgandi disk. Dró Ingvar mjög í efa, að „ fljúgandi diskur ” hafi lent hér á jörðu.

Tók Sigurður Ólafsson undir það með því, að óhugsandi væri að hlutur geti farið fram úr ljóshraða. Lét þá Helgi Jónsson þess getið að hlutur gæti horfið á einum stað og komið fram samtímis á öðrum, þótt menn vissu ekki um skýringu á því fremur en á tilveru svokallaðs andefnis.

Sigurður Ólafsson minntist þá á hamfarir í þessu sambandi Helgi Jónsson bætti því þá við, að hann teldi ákaflega vafasamt að íbúar annarra stjarna þyrftu á nokkru farartæki að halda til að geta sýnt sig á þessari jörð. Sú hefði heldur ekki verið skoðun Helga Pjeturss, að heimsóknir hnatta á milli ættu sér stað á þann hátt. Og sagðist hann geta látið sér detta í hug, að veran ( í blaðafréttinni ) hefði komið hingað, án farartækis. Ingvar hélt hinsvegar að hér á jörðu væru skilyrði ekki góð til móttöku á slíkum gestum eða til þess að þeir gætu hér líkamast.

Valdimar Guðlaugsson létt í ljós þá skoðun að hvort sem um væri að ræða drauma, vökusýnir eða miðilfyrirbrigði, þá væri undirrotin ævinlega hugarkraftur. Og einfaldasta skýringin á slíkri veru væri hugsanakraftur sem kæmi fram í synilegri mynd.

Helgi Jónsson kvaðst hafa meint það sama. Sigurður Ólafsson sagði frá því, að á sínum unglingsárum hafi sér og kunningjum sínum þótt gaman að koma á Hótel Ísland. En í eitt skipti gat hann ekki farið með þeim þangað þar eð hann lá í rúminu með inflúensu, en ekki fór hjá því að honum yrði hugsað þangað á meðan.

Svo hagaði til á Hótel Íslandi að inngangur var þar í skúr - byggingu, og komu menn þar oft inn og kíktu inn í salinn í gegnum glerið í hurðinni. Þegar kunningjarnir komu aftur sögðu þeir við Sigurð „ þú komst þá og kíktir á hurðina ”. Hafði annar þeirra þóttst sjá hann og benti þá hinum og sagði þarna er Sigurður og sá hann hann þá líka.

Ingvar kvað nú spurninguna vera þá hvort Sigurður hefði hálflíkamastþarna og þeir séð hann þannig eða kom þetta aðeins fram í þeirra heila? Ef enginn nema kunningjar Sigurðar hefðu getað séð þetta þá hefði það verið sambandsskynjun, annars líkamningar.

Helgi Jónsson bar fram þá spurningu hver mundi vera skýringin á þeirri fornu sögu að skyggn maður gæti látið annan sjá með því að láta hann horfa undir hönd sér. Var nú rætt nokkuð um hvernig ástand

skyggns manns væri. Lét Helgi Jónsson þess getið að hann hefði eitt sinn talað við annan mann samtímis því sem hann sá skyggni sýn. Fannst honum hann hafa opin augun. Sigurður Olafsson kvaðst minnast þess, að kóna nokkur hefði sagt sér að indælt væri að halla aftur augunum á meðan, sýnin skýrðist við það. Þó væri, bætti Sigurður við, spurning hvort það ætti við alla. Valdimar Guðlaugsson kvaðst vera þeirrar skoðunar að hægt væri að sjá sambandssýn með lokuð augu en alls ekki með þeim opnum. Þessu sagðist Ingvar Agnarsson vera samþykkur, því að eigin skynjun mundi trufla sambandið.

Þá las Guðrún Jensdóttir smákafla úr bókinni "Líf í Alheimi". Blind kona var þar sögð hafa fengið sjónina fyrir undralækningu í Lourdes í Frakklandi. Þeim fræga kraftaverkastað. En læknar sem á eftir rannsökuðu augukonunnar komust að þeirri furðulegu niðurstöðu, að þótt hún sæi væru augun eða sjónaugin enn ónýt. Hvernig á að skýra þetta spurði nú Guðrún. Ingvar varð fyrir svörum og kvað það vandskýrt, en þó gæti hann látið sér detta í hug samband við æðri veru og að um eitthvert sambandssæi hefði verið að ræða. Valdimargerði þá athugasemd að læknisfræðin væri ekki óskeikul og verið gæti að augun hafi ekki verið ónýt. Því næst las Ingvar draumsögu allmerkilega.

Fundi var slitið rúmlega 11.

8 manns sátu fundinn.

Sveinn Haraldsson.

## FUNDARGERÐ 6. OKTÓBER 1965.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 6. október 1965 að Laugavegi 24. Eftir að formaður hafði sett fundinn kl. 9.15 las Jón Sigurðsson nokkra síðustu kaflana úr greininni „Sannfræði og vanfræði um eðli drauma” í Framnýal.

Var síðan rætt nokkuð um drauma. Jón Sigurðsson kvaðst hafa séð í draumi skordýr sem stærra var en maður. Risaskordýr þetta sá hann skrifða yfir mûrvegg, en alveg virtist honum það meinlaust, enda voru börn að leik þarna rétt hjá. Þótti fundarmönnum þetta benda út fyrir jörðina. En ólíklegt taldi Ingvar Agnarsson að skordýr gætu náð miklu viti og að vitveran mundi hvarvetna vera í mannsmynd. Sigurður Olafsson benti á að verur sem menn hefðu séð í sýn hefðu verið í mannsmynd. Ingvar tók þá fram að þær gætu verið framliðnar héðan, en bætti við að guðirnir virtust vera í mannsmynd og til að ná hinum æðsta þroska virtist það byggingarlag vera nauðsynlegt.

Sigurður minntist þá á að stærstu skepnur jarðarinnar hefðu verið vitlitlar. Ingvar sagði spendýrin vera stærst og mörg dýr stæðu manninum framar að einhverju leyti. Jón minntist á hnýsuna sem virtist nota eithvert mál. Kvað Ingvar hana gefa frá sér a.m.k. 8 greinanleg hljóð og hún gæti haft eftir orð en þó aðeins sem páfagaukur, án skilnings.

Mjög taldi Ingvar líf á öðrum hnöttum vera fjölbreytt. Sigurður taldi það þó renna eins og eftir sömu slóð. Ólíka þróun sagði Ingvar þá geta átt sér stað í einni heimsálfu en annarri.

Sigurður minntist á að yfirleitt væri það sem maður sæi í draumi líkt og maður ætti að venjast hér þó að fyrir kæmi að það væri frábrugðið, sambandið væri lítt upp á við. Tók Ingvar undir það.

Jósep Halldórsson sagði að beiðni formanns frá draumi sem hann eitt sinn hafði dreymt og þar sem ekki var um að villast hver verið hafði draumgjafinn. Daginn áður en hann dreymdi drauminn var Jósep staddur á vinnustað. Finnst honum allt í einu sem eitthvað muni vera að syni sínum sem var í sveit. Var hann kominn á fremsta hlunn með að hringja til hans, en hætti við það. Er svo ekki að orð lengja það, nema um nóttina dreymir hann, að hann sjái son sinn liggjandi í gömlu stuðlarúmi í baðstofu og finnst honum hann vera að vefja um handlegginn á honum. Liður svo dagurinn en um kvöldið fær Jósep boð um að sonur hans sé slasaður. Hafði hann handleggsbrotnað daginn áður. Bar hann sig illa um nóttina svo að konan á bænum fór að vefja um handlegginn. Baðstofan var eins og honum hafði sýnst í draumnum. Þótti fundarmönnum augljóst að konan hefði þarna verið draumgjafi Jóseps.

Var nú rætt um ýmislegt m.a. minntist Stefán Thorarensen á orðaskýringar í orðabók Menningarsjóðs og kvaðst hann hafa komið þar auga á ýmsar villur, m.a. væri þar ritað hárrétt, en ekki hárétt eins og Helgi Pjeturss hefði bent að væri réttara. Á fundinum gekk í félagið Kristján Baldursson Öldugötu 57, Rvík. Lögheimili Ytri-Tjarnir, Eyjafirði. Var hann boðinn velkominn í félagið.

Kl. hálf 11 var fundi slitið.

10 manns sátu fundinn.

Sveinn Haraldsson.

3. nóvember 1965 var haldinn fundur í Félagi Nýalssinna að Laugarvegi 24.

Formaður setti fundinn kl 9.40. Síðan las, Kristján Baldursson upp úr Ennýal greinina, Íslensk tunga og íslenskar uppgötvanir. Að því loknu urðu umræður. Kvað Ingvar merkilegt hvernig í íslenskri tungu kæmi fram skilningur á magnanareðli svefnins, eins og bent væri á í þessari grein, fornmann hefðu fundið að um straum væri að ræða og því tekið svo til orða um komu svefnins, að þeim rynni í brjóst. Þá barst talið að Ásatrúnni og trúarskiptunum. Sagði Kristján Baldursson það hafa verið afar slæmt þegar farið var að troða kristinni trú upp á Íslendinga. Ingvar benti á að ekki hefði aðeins verið tekið upp samband við aðrar óskyldari verur, heldur var því haldið fram að Æsir væru djöflar. Öold hefði runnið upp. En hefði Ásatrúin fengið að vera í fríði mætti ætla að farið hefði á annan og betri veg, t.d. hefði verið búið að banna hólmgöngur. Sigurður Ólafsson sagði sambandið við Æsi hafa verið það gott að ekki væri að vita nema þar hefði smám saman komið þekking og skilningur trúar stað. Kristján vék að myrkri því sem verið hefði í sambandi við kirkjuna, t.d. hefðu menn verið brenndir vildu þeir ekki kristna ast láta. Tók Ingvar undir það að illa, hefði verið á málum haldið af kirkjunnar hálfu. Barst nú talið að sambandstilraunum sem hópur félagsmanna gerði hér í Reykjavík fyrir nokkrum árum. Var þar um tilraunir með glas að ræða. Þátttakendur voru 12 og mættu samviskusamlega einu sinni í viku hverri í tvö ár. Leið langur tími áður en samband fékkst að því er Sigurður Ólafsson sagði, en síðar varð sambandið furðu gott, þrátt fyrir að tilraunir virtust gerðar handan að til að eyðileggja það, en að sambandið svo snögghætti kvað hann hafa verið af öðrum ástæðum.

Lomn hét aðalsambandsveran sem hér kvað hafa verið uppi við svarta haf fyrir um 2000 árum. En þaðan að austan komu Æsir. Konomon nefndi Lomn hnött þann sem hún nú ætti heima á og aðrir Æsir.. Og sérstaklega minnisstætt kvað Sigurður sér vera það hve gröm Lomn hefði orðið er minnst var á efasemdir um að Æsir hefðu verið til og átrúnaðurinn á þá því ekki byggst á öðru en hugarburði. Því fær, sagði Lomn, svo fjarri að Æsir væru ekki til, að þeir væru einmitt miklu betur lifandi en mennirnir.

Og einu sinni var þarna, sagði Sigurður, gefið samband upp á á við, við gyðju nokkra sem var undrandi yfir því að þetta væru bara menn sem spurðu, fanst víst ekki óviturlega spurt. Ingvar sagði þarna hafa náðst merkilegt samband við þessar tilraunir. Og þegar þetta samband við Lomn, Ull og fleiri, hafði varað nokkuð lengi fóru þeir að gefa samband við önnur mannkyn, sem ekki voru héðan ættuð. Ullur sonur Lomnar, réð yfir aðal stjörnusambandsstöðinni

á Konomonon, var þeim sagt. Var nú rætt nokkuð um miðilti raunir og vakti Kjartan Kjartansson mál á nauðsyn þess að fá sterkan miðil. Sigurður sagði frá því þegar 5 Nýalssinnar fóru á sínum tíma á fund hjá Hafsteini Björnssyni, ákveðnir í að fá þar samband í samræmi við hinn nýalska skilning. En auk þeirra voru á fundinum 2 sitjarar Hafsteins og sátu hvor sínu megin við hann. En varla var Hafsteinn sofnaður fyrr en átök mikil virtust hefjast um hann að handan. Stóðu þau átök í klukkutíma þannig að hvorugur hafði betur, hinir föstu sambandsaðilar miðilsins, eða hinir nýju sem reynt var að stilla hann til. Var fundi þá slitið og Nýalssinnunum tilkynnt að þeir fengju aldrei fund framar. Þá var rætt um félagsmál og útbreiðslu-starfssemi. Hafði Kjartan Kjartansson orð á nauðsyn þess að félagið kæmi sér upp safni bóka og tímarita, fylgjast þyrfti sem best með því sem fram kæmi erlendis varðandi sambandsmál. Og þyrfti félagið helst að geta ráðið mann til að starfa fyrir það eingöngu, og benti í því sambandi á Þorstein Guðjónsson, sem hæfastan okkar til þess að taka þetta að sér, en spurningin væri hvernig félagið ætti að ráða við kostnaðinn. Sigurður og Ingvar tóku undir þetta, og sögðu að það fyrsta væri að reyna skapa starfsmanninum viðunandi lífskjör, og taldi Sigurður að P.G. mundi geta gert mikið þó að ekki væri nema með einum penna, fyrsti í stað. Og þegar þetta væri komið á laggirnar mundu margir verða til að styrkja það. Valdimar Guðlaugsson sagði að við þyrftum einn mann, sem væri góður fyrilesari, til að ná saman áheyrendafjölda, þyrfti til þess framúrskarandi mann.

Urðu nú umræður m.a. um andatrú. M.a. varpaði Kristján fram þeirri spurningu hvers vegna fólk vildi heldur trúua á andaheim og sagði að við þyrftum að útrýma andatrúnni.

Að lokum sagði Ingvar frá nýrri bók eftir Fred Hoyle, þar sem m.a. kom fram að F.H. telur að líf muni vera á nokkrum milljónum stjarna innan þessarar vetrarbrautar og háþróað líf á nokkrum þúsundum þessara stjarna. Geimsiglingar eða ferðalög með farartækjum sólhverfa á milli telur hann óhugsandi. En samband telur hann þó að íbúar hinna háþróuðu stjarna hafi sín á milli, þ.e. útvarpssamband. Telur hann þar vera um endurvarpskerfi að ræða þannig að einn hnöttur flytji skeytin til annars. Mun sambandsaðferð þessi þó vera ærið seinvirk, þar sem skeytin fær aðeins með ljóshraða. Fleira kóm þarna fram í hinni fróðlegu bókarkynningu Ingvars sem ekki verður rakið hér.

Fundi var slitið um 11 leytið, 6 menn sátu fundinn.

Sveinn Haraldsson.

## FUNDARGERÐ 1. DESEMBER 1965.

Fundur var haldinn í Félagi Nýalssinna miðvikudaginn 1. des. 1965 að Laugavegi 24. Formaður setti fundinn. Ritari las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt. Þá las Ólafur Halldórsson upp úr Framnýal, greinina Sigmund Freud, og draumarannsóknir. Að því loknu tók til máls Ingvar Agnarsson og vék að því að býsna lengi hefði Freud dáður verið. Og að svo væri enn töldu þau Sigurður Ólafsson og Guðrún Emilsdóttir, í Freud vitnuðu lærðir og leikir öðrum fremur, þegar um sálfræði væri að ræða og í háskólunum væru hans kennningar hinarríkjandi. Þó taldi Sigurður sig sjá merki þess að Freud hefði dalað, en menn teldu sig enn sem komið væri ekki eiga á öðru betra völd. Var nú farið út í aðra sálma. Guðrún Emilsdóttir minntist á frétt, sem hún nýlega hefði lesið í Tímanum, um ný trúarbrögð, sem hingað hefðu borist, svonefnd Bahaitrú, persnesk að uppruna. Væreþar öll trúarbrögð talin eiga rétt á sér, og aðaláherslan lögð á kærleikann. Sveinn Haraldsson bætti því við, að í fréttaklausunni hefði komið fram, að í trú þessari væri aðeins talað um einn guð, og presta hefði Bahaitrúin enga.

Útfrá þessu sagði Ingvar frá frænda sínum, sem haldið hefði því fram við sig að Guð væri kraftur og væri sá kraftur allstaðar. Sagðist Ingvar hafa svarað því til að án þess að hann kæmi frá einhverjum stað, ætti sér upptök, gæti hann ekki hugsað sér hinn guðlega kraft. Mjög á sömu skoðun kvaðst þá Sigurður vera, menn töluðu um einn Guð, sem allt ætti rætur til að rekja, og væri það góð skýring í því sambandi að tala um kraft, en einhversstaðar að hlyti þó sá kraftur að vera kominn. Ingvar minntist þá á að trúað fólk héldi að Guð væri alvitur, algóður og almáttugur. En ástandið hér á jörðu kvað hann sér þó ekki virðast benda til þess að slíkur Guð væri til, það mundi þá vera öðruvísi og miklu betra. Guðrún Emilsdóttir sagði þá. Segir Helgi Pjéturss ekki, að til þess að hið guðlega geti nögsamlega komið sér við hér, þurfum við að nálgast það. Við þurfum að skapa betri sambandsskilyrði, bæta afslvæðið, sagði þá Guðmundur Kristinsson. Guðrún minntist á börnin og Guð, og hvernig þau með spurningum sínum koma hinum fullorðnu stundum í vanda, sem tryðu á algóðan guð og almáttugan. Þannig hefði eitt sinn sagði hún, sonur hennar spurt, " hví létt Guð drepa Jesú " ?

Ingvar minntist þá á trúna á grimman Guð. Og í því sambandi rifjaði Guðrún upp að hún hefði í Biblísögum á sínum tíma lært um Elí, þann sem Guð hefði átt að láta detta úr stól sínum og hálsbrjóta sig, af því að hann agaði ekki syni sína.

Valdimar Guðlaugsson sagði þá að þarna væri um nokkurra þúsunda ára gamla sögu að ræða, og ekki óeðlilegt, svo skammt sem þekkingin þá var komin og heimsmyndin ófullkomín, að menn á þeim tínum gerðu sér ýmsar fráleitar hugmyndir um Guð. En nú mætti vita, að guð væri enginn til nema líf á öðrum hnöttum.

Guðmundur Kristinsson létt þá þau orð falla, að alfullkominn guð yrði ekki til fyrr en lífið væri orðið alfullkomin heild. En efasamt taldi Ingvar að það yrði nokkurntíma, alltaf færi fram útfærsla sköpunarverksins, og um alla eilífð mundi því verða til einhver útjaðar, þar sem hið guðlega réði ekki. Byrjunarstigin hlytu alltaf að vera ófullkomin og gætu mistekist með öllu. Og á sumum hnöttum eins og t.d. Mars, gæti þróunin stöðvast. Verra væri þar sem lífið liði undir lok eftir langa helstefnusögu. Og taldi Ingvar að til væru mildari hnnettir en þessi, þar sem lífið hefði tekið skakka stefnu í byrjun, og spillilíf væri mikið. Heldur taldi Valdimar þetta þó vera að breytast til batnaðar þó að segja mætti að maðurinn væri varla kominn af villidýrsstiginu ennþá. Samsinnti Sigurður því, um verulega samstöðu væri varla að tala, nema um hernað. Þróunin væri hér ekki nógu langt komin, en þó vissu menn miklu meira en fyrir 2000 árum.

Valdimar gat þess að fyrir 2000 árum hefði verið uppgötvað að jörðin væri hnöttur, þó að það félli svo niður. Sögðu þeir Ólafur Halldórsson og Valdimar að uppgötvun þessa hefði Pythagoras gert. En Sigurður bætti því við að Pythagoras hefði einnig vitað að lífið er komið frá stjörnunum og fer þangað aftur. En lengi var það svo, sagði Valdimar, að menn höfðu ekki annað en geiminn fyrir annað líf, eða þá há fjöll bætti Ingvar við. Guðrún minntist þá á að ekki mættu nú prestarnir segja mikið, sbr. ádeilur á Jón Auðuns. Tók þá Ingvar upp hjá sér grein, sem hann sagði að sér hefði dottið í hug eftir að hafa hlustað á prest, séra Árelíus Níelsson, en hann hafði m.a. rætt um herferðina gegn hungri. Las Ingvar nú greinina þar sem hann leitaðist við að svara þeirri spurningu, hvernig Íslendingar gætu lagt mest af mörkum til að bæta úr hungursneyð. Ættu Íslendingar að leggja stund á stjörnusambandsfræði og vinna að bættum samböndum við lengra komna íbúa annarra stjarna, og mundi áhrifanna þar af fljótt gæta hjá öðrum þjóðum, þar sem lágmarksþekkingu á þessum efnum vantaði, sagði Ingvar m.a. í greininni. Við mættum ekki sofa lengur. Aðra grein las Ingvar eftir sig, sem hann nefndi "Sambandstæki" og var þar átt við alþjóðamálið Esperanto. Á esperanto, sagði þar, að til væri í þýðingu Ólafs Magnússonar forustumanns esperantohreyfingarinnar á Íslandi, ritgerðin Hið mikla samband o.fl. úr Nýal. Og lagði Ingvar þarna til að Nýalssinnar stuðluðu að útgáfu bókar með þýðingum Ó.M., og mundi sú bók ná mikilli útbreiðslu meðal Esperantista erlendis. Þá las Ingvar draumsögu. Hafði hann í þeim draumi séð vetrarbraut, svo stóra að hún náði yfir 30 gráðu horn af himninum. Því næst sagði Ingvar frá tillögu, sem borist hafði frá Þorsteini Guðjónssyni. Sagði hann P.G. telja æskilegt að félagið geti staðið í samböndum við ýmsa þá úti í löndum, sem væru á líkri leið og við. Hefði hann einkum bent á þá sem hafa trú á "flugdiskum" en slikir hafa félög í ýmsum löndum, og byggist P.G. við meiri árangri af

samböndum við þá en við vísindamenn. Og það sem P.G. nú leggði til væri að hefja útgáfu lítils blaðs á ensku, sem sent yrði mönnum og stofnunum á okkar kostnað ( fyrst um sinn amk.) til að kynna málnefnið. Til að fá efni í blaðið þyrftum við að gerast áskrifendur að útlendum ritum og blaðaúrkippum og gerði P.G. ráð fyrir að kostnaður við það, flutningsgjöld og annað yrði um 30 þúsund kr. yfir árið. Sagðist Ingvar álta að þetta yrði góð kynningarstarfssemi út á við, og gæti sú vitneskja sem við þetta fengist einnig komið að gagni hér innanlands. Býðst P.G. til að taka þetta að sér án endugjalds í eitt ár p.e. vinnuna. Sigurður Ólafsson kvað sjálf sagt að reyna þetta kostnaðarhlíðin væri talsverð, en sjá skyldi til hvort ekki rættist úr því. Ingvar hvað rétt að taka þetta til athugunar, en P.G. gerði ráð fyrir að senda út mánaðarlega 200 eintök af blaðinu, ef til kæmi.

Sagði Ingvar síðar lauslega frá efni bréfs, sem P.G. hafði borist frá Ástralíumanni nokkrum, einum úr hópi flugdiskaáhugamanna, sem fyrirhugað blað yrði sent til. En manni þessum hafði P.G. skrifað og minnst á að hann hefði áhuga á hugsambandi í sambandi við "flugdiska". Svaraði Ástralíumaðurinn að því er hann sjálfur sagði bréfi P.G., þegar og á undan öðrum bréfum, sem biðu hjá sér, og þá einmitt vegna þessa áhuga P.G. á hugsambandi, því að sér væri slíkt einnig mikið áhugamál. Sagði síðan í bréfinu nokk- uð af fyrirbrigðum og hugsanaflutningi, sem átt hafa sér stað hjá mönnum þessum í Ástralíu síðastliðin 10 ár, og þeir setja í samband við geimmenn og "fljúgandi diska". Hafa þeir gert tilraunir en tek- ið var fram að þær væru ekki spíritískar og segir ekki af þessu hér meira, nema hvað bréfritari lætur í lok bréfsins þess getið, að hópur ungra manna ætli þarna að fara að byrja á sambands tilraunum innan skamms. Þóttfundarmönnum þetta athyglisvert bréf. Þá ræddu menn um ýmislegt m.a. sagðist Ingvar líta svo á að koma þyrfti á fót stofnun þar, sem fólk hefði aðgang að þessum fræðum, stofnun þar sem við gætum náð til fólks og gefið því kost á námskeiðum. Taldi hann að aðsókn mundi verða nóg, er fólk sæi að þar fengi það svör við ýmsu sem það væri að leita að.

Guðrún Emilsdóttir sagði frá því að sonur hennar hefði í ritgerð, sem hann skrifaði í skóla 13 - 15 ára gamall, vitnaði í Helga Pjeturss. Kennarinn furðaði sig á að hann skyldi vita um H.P. sem hefði verið merkur ritsnillingur, en um kenningar hans fór kennarinn háðulegum orðum. Einnig hafði Guðrún eftir tveimur kennslukonum að þær héldu að Helgi Pjeturss væri guðleysingi. Sigurður minntist þá á útlenden jarðfræðistudent sem héðan fór fyrir fáum árum með þær einar upplýsingar um H.P. að hann hefði verið geðbilaður. Hulda lét þess getið, að það sem H.P. segði t.d. um ástina, að best væri að fólk ætti afkomendur sem yngst, væri ekki í samræmi við ríkjandi skólakenningar. Helgi sagði hún enn fremur verður merk-

astur fyrir sína hreinskilni. En siðfágunin væri nú yfirleitt svo mikil orðin, að hreinskilnin hefði hrakað.

Nú tók Ingvar til mál og sagði að við þyrftum að gera nýtt áatak á eftir útgáfu Nýals. Við þyrftum að hafa mann í þjónustu mál-efnisins eingöngu, og því á launum hjá féluginu, og taldi að félaginu ætti ekki að vera það um megn. Guðrún Emilsd. tók fram að það þyrfti að vera góður maður. Sigurður Ólafsson sagði þá að þeir hefðu ákvæð inn mann í huga þ.e. Þorstein Guðjónsson. Sagði þá Ingvar að P.G. væri eini maðurinn sem væri fær um þetta vegna lærðoms og áhuga, en lærðum manni yrði meira ágengt en ólærðum. Væri því skaði að sleppa honum ef við ættum annars kost. Ef við ættum kost á þessu værum við altopf kotungsleg ef við gerðum ekki tilraun til að kljúfa þetta. Sigurður sagði að við yrðum að líta í eigin barm og ef hver félagi greiddi þúsund krónur á ári væri hægt að halda þessu úti, féluginu og manninum. Maðurinn gæti varla lifað af minna en 150 þúsund krónum á ári og annar kostnaður við félagið yrði 50 þúsund á ári, gerði hann ráð fyrir, og talaði hann um að a.m.k. 100 manns greiddu 1000 krónur hver á ári. Guðrún taldi að við þyrftum að bjóða honum laun eins og menntamönnum sem eru búinir að leggja á sig langt nám. Sigurður sagði að þetta yrði að fara hækkandi, en byrjað með 150 þúsund á ári. Ingvar sagðist hafa trú á því að ef við legðum í þetta, þá bærist okkur hjálp. Sigurður kvaðst óhræddur leggja í það án þess að vita hvort endarnir næðu saman. Leggðu menn flestir fram þúsund krónur á ári hver, yrði ekki mikil vændræði með af-ganginn. Guðrún benti á að ef tilvill mundi við þetta fjölgja í féluginu. Sigurður sagði að mikil væri unnið ef þessi maður gæti komið því til leiðar að þessi mál, eða þessi þáttur lífeðlisfræðinnar væri tekin til rannsóknar. Og þarna gæti verið tækifæri til að fá hæfan mann, og tók Ingvar undir að því mætti ekki sleppa. Valdimar spurði hvort þetta hefði verið orðað við hann á þennan hátt. Svaraði Ingvar að enn hefði ekki verið nema ýjað að því.

Ingvar taldi að miða þyrfti að því að koma upp stofnun, þar sem yrði fræðslustaður, rannsóknarstöð, og sambandsstöð. Guðmundur Kristinsson taldi störnusambandsstöð vera þýðingar-mesta. Sigurður sagði þá vera þýðingarlaust að einn maður reisti stöð.

Skapa verður afslvæði svaraði Guðmundur. Ingvar kvaðst hafa haft í huga stöð sem hefði sambönd hér á landi og annarsstaðar. Guðmundur minnti á hundrað ára afmæli Helga Pjéturss 1972, og sagði að þá þyrfti að vera kominná þetta rekspölur. Ingvar sagði að við þyrftum að hafa tilganginn í huga, sem væri björgun mannkyns-ins. Guðmundur sagði að mörgum mundi finnast við finna eigi all-lítið til okkar. Sagði Ingvar þá að við myndum auðvitað ekki hafa orð á því, en þó væri þetta takmarkið, og mætti enginn liggja á liði sínu.

Ýmislegt fleira var rætt þangað til fundi var slitið um hálf tólf leyttið. 9 manns sátu fundinn.

Ekki má gleyma að geta þess að Ingvar kvað sér hafa borist frá Sturlaugi Jónssyni, Bergsstaðastræti 14, Reykjavík, umsókn um að gerast félagi. Var umsóknin samþykkt í einu hljóði.

Sveinn Haraldsson.

## LÖG FÉLAGS NÝALSSINNA.

1. gr.

Félagið heitir "Félag Nýalssinna", og er heimili þess og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að útbreyða og kynna kenningar dr. Helga Pjeturss um lífsamband milli stjarnanna.

3. gr.

Innganga í félagið er öllum heimil, sem vinna vilja að markmiði þess. Inntökubeiðni skal vera skrifleg og sendist stjórni félagsins, er síðan leggur beiðnina fyrir félagsfund. Þegar félagsfundur hefur samþykkt inntökubeiðnina, er umsækjandi orðinn löglegur félagi.

4. gr.

Stjórni félagsins skipa fimm menn: formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig skal kjósa two varamenn. Kosning skal vera munleg, þó skal hún vera skrifleg, ef einhver æskir þess. Stjórnin fer með framkvæmdavalda félagsins, en að öðru leiti skiptir hún með sér verkum.

5. gr.

Félagsfundir geta kosið nefndir til að framkvæma ýmsar greinar félagsstarfseminnar. Lúta þá þessar nefndir stjórni félagsins.

6. gr.

Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Allar samþykkir félagsfunda þurfa að hljóta two þriðju hluta atkvæða til þess að teljast gildar. Fundi skal halda þegar stjórn félagsins telur ástæðu til, þó skal hún boða til fundar, ef fimm félagsmenn krefjast þess. Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert, og skal boða til hans skriflega og með dagskrá, með hálfsmánaðar fyrirvara. Hann er lögmætur, ef löglega er boðað til hans, án tillits til fundarsóknar.

7. gr.

Félagsmenn greiða kr. 100.00 árlega í félagssjóð, og er gjalddagi árgjaldsins 3. janúar ár hvert. Auk þess aflar félagið sér fjár með frjálsum framlögum félagsmanna og annarra sem styrkja vilja starfsemi þess.

8. gr.

Stjórnin annast um að reikningsskil séu gerð árlega, og skulu þau miðast við almanaksárið. Aðalfundur kýs 2 endurskoðendur, og skulu þeir yfirfara reikningana og gera athugasemdir við þá. Stjórnin leggur síðan reikningana ásamt athugasemendum endurskoðenda fyrir aðalfund.

9. gr.

Sé féluginu slitið eða það leggst niður, skulu eignir þess afhendast Háskóla Íslands til varðveislu, unz stofnað hefur verið félag með sömu stefnuskrá og þetta félag hefur ( sbr. 2.gr. ).

10. gr.

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi, og þarf til þess samþykki tveggja þriðju hluta atkvæðisbærra fundarmanna.

REIKNINGAR FÉLAGS NÝA LSSINNA

**Rekstursreikningur pr. 31/12 1959.**

	Inn	Út
Sjóðreikningur	119.279.29	119.279.29
Bankareikningur	18.854.54	18.846.32
Félagsgjaldareikningur		8.300.00
Tímaritsreikningur	3.341.85	260.00
Nýalsreikningur	254.030.15	41.024.00
Inneign félagsmanna	8.405.90	53.124.43
Víxilskuldareikningur	62.635.78	172.871.48
Vaxtareikningur		248.06
Kostnaðarreikningur	2.974.50	
<u>Höfuðstólsreikningur</u>		<u>55.568.43</u>
	469.522.01	469.522.01
Sjóðreikningur	4.704.12	4.704.12
Bankareikningur	9.89	
Gjafa- og áheitareikningur		850.00
Vaxtareikningur		3.854.12
Verðbréfareikningur	400.00	
Víxileignareikningur	46.235.70	
<u>Byggingarsj. Stjórnusamb.st.</u>		<u>41.941.47</u>
<hr/>	<hr/>	<hr/>
Ágóði Félagssjóðs		5.753.56
" Byggingarsjóðs		<u>4.704.12</u>

Endurskoðendur :

Halldór Halldórsson  
Sigurður F. Ólafsson

Tryggvi Guðbjörnsson  
gjaldkeri

**Efnahagsreikningur pr. 31/12 1959.**

	Eignir	Skuldir
Sjóðreikningur	0.00	
Bankareikningur	8.22	
Tímaritsreikningur	3.261.85	
Nýalsreikningur	213.006.15	

Inneign félagsmanna		44.718.53
Víxilskuldareikningur		110.235.70
<u>Höfuðstólsreikningur</u>		<u>61.321.99</u>
	216.276.22	216.276.22
Sjóðreikningur	0.00	
Bankareikningur	9.89	
Verðbréfareikningur	400.00	
Víxileignareikningur	46.235.70	
<u>Byggingarsjóður Stjörnusamb. st.</u>		<u>46.645.59</u>
	262.921.81	262.921.81

Rekstursreikningur pr. 31/12 1960.

	Inn	Út
Sjóðreikningur	31.955.32	31.955.32
Bankareikningur	50.69	
Félagsgjaldareikningur		5.700.00
Tímaritsreikningur	3.261.85	
Nýalsreikningur	219.609.35	4.085.00
Inneign félagsmanna	4.226.35	56.878.53
Víxilskuldareikningur	20.000.00	120.203.55
Vaxtareikningur		42.47
Kostnaðarreikningur	1.083.30	
<u>Höfuðstólsreikningur</u>		<u>61.321.99</u>
	280.186.86	280.186.86
Sjóðreikningur	9.991.74	9.991.74
Bankareikningur	33.78	
Gjafa- og áheitareikningur		6.000.00
Vaxtareikningur		3.991.74
Víxileignareikningur	56.203.55	
Verðbréfareikningur	400.00	
<u>Byggingarsjóður Stjörnusamb. st.</u>		<u>46.645.59</u>
	346.815.93	346.815.93

  

Ágði Félagssjóðs	4.659.17
<u>Ágði Byggingarsjóðs</u>	<u>9.991.74</u>

Endurskoðendur :

Halldór Halldórsson  
Sigurður F. Ólafsson

Tryggvi Guðbjörnsson  
gjaldkeri

Efnahagsreikningur pr. 31/12 1960.

	Eignir	Skuldir
Sjóðsreikningur	0.00	
Bankareikningur	50.69	
Tímaritsreikningur	3.261.85	
Nýalsreikningur	215.524.35	
Inneign félagsmanna		52.652.18
Víxilskuldareikningur		100.203.55
Höfuðstólsreikningur		65.981.16
	218.836.89	218.836.89
Sjóðreikningur	0.00	
Bankareikningur	33.78	
Verðbréfareikningur	400.00	
Víxileignareikningur	56.203.55	
<u>Byggingarsjóður Stjörnusamb. st.</u>		56.637.33
	275.474.22	275.474.22
==		

Rekstursreikningur pr. 31/12 1961.

	Inn	Út
Sjóðreikningur	21.471.75	21.323.10
Bankareikningur	54.90	
Félagsgjaldareikningur		6.800.00
Tímaritsreikningur	3.261.85	
Nýalsreikningur	221.954.60	8.182.25
Inneign félagsmanna	2.886.05	55.207.43
Víxilskuldareikningur	10.000.00	104.004.21
Vaxtareikningur		137.80
Kostnaðarreikningur	2.006.80	
<u>Höfuðstólsreikningur</u>		65.981.16
	261.635.95	261.635.95
Sjóðreikningur	4.037.03	3.937.03
Bankareikningur	36.56	
Gjafa- og áheitareikningur		100.00
Vaxtareikningur		3.937.03
Verðbréfareikningur	400.00	
Víxileignareikningur	60.137.80	
<u>Byggingarsj. Stjörnusamb. st.</u>		56.637.33
==	326.247.34	326.247.34

Agði Félagsjóðs    4.797.41  
Agði Byggingarsjóðs    4.037.03

Endurskoðendur :

Halldór Halldórsson  
 Sigurður F. Ólafsson

Tryggvi Guðbjörnsson  
 gjaldkeri

Efnahagsreikningur pr. 31/12 1961.

	Eignir	Skuldir
Sjóðreikningur	148.65	
Bankareikningur	54.90	
Tímaritsreikningur	3.261.85	
Nýalsreikningur	213.772.35	
Inneign félagsmanna		52.321.38
Víxílskulda reikningur		94.137.80
<u>Höfuðstólsreikningur</u>		<u>70.778.57</u>
	217.237.75	217.237.75
Sjóðreikningur	100.00	
Bankareikningur	36.56	
Verðbréfareikningur	400.00	
Víxileignareikningur	60.137.80	
<u>Byggingarsj. Stjörnusamb. st.</u>		<u>60.674.36</u>
<u>—</u>	<u>277.912.11</u>	<u>277.912.11</u>

Rekstursreikningur pr. 31/12 1962.

	Inn	Út
Sjóðreikningur	56.446.80	54.806.65
Bankareikningur	54.90	
Félagsgjaldareikningur		5.600.00
Tímaritsreikningur	9.622.35	1.765.00
Nýalsreikningur	219.015.00	41.823.50
Inneign félagsmanna	6.350.00	53.821.38
Víxílskulda reikningur	34.000.00	99.347.45
Gjafa- og áheitareikningur		400.00
Kostnaðarreikningur	2.853.50	
<u>Höfuðstólsreikningur</u>		<u>70.778.57</u>
	328.342.55	328.342.55

Sjóðreikningur	5.459.65	5.209.65
Bankareikningur	36.56	
Gjafa- og áheitareikningur		1.150.00
Vaxtareikningur		4.209.65
Verðbréfareikningur	400.00	
Víxileignareikningur	65.347.45	
<u>Byggingarsjóður Stjörnusamb. st.</u>		<u>60.674.36</u>
	<u>399.586.21</u>	<u>399.586.21</u>

Agðói Félagssjóðs	2.746.50
<u>Agðói Byggingarsjóðs</u>	<u>5.359.65</u>

Endurskoðendur :

Halldór Halldórsson	Ingvar Agnarsson
Sigurður F. Ólafsson	gjaldkeri

Efnahagsreikningur pr. 31/12 1962

	Eignir	Skuldir
Sjóðreikningur	1.640.15	
Bankareikningur	54.90	
Tímaritsreikningur	7.857.35	
Nýalsreikningur	177.191.50	
Inneign félagsmanna		47.471.38
Víxilskulda reikningur		65.347.45
Gjafa- og áheitareikningur		400.00
<u>Höfuðstólsreikningur</u>		<u>73.525.07</u>
	<u>186.743.90</u>	<u>186.743.90</u>
Sjóðreikningur	250.00	
Bankareikningur	36.56	
Verðbréfareikningur	400.00	
Víxileignareikningur	65.347.45	
<u>Byggingarsj. Stjörnusamb. st.</u>		<u>66.034.01</u>
	<u>252.777.91</u>	<u>252.777.91</u>

Rekstarreikningur pr. 31/12 1963.

	Inn	Út
Sjóðreikningur	25.033.50	19.523.50
Bankareikningur	54.90	
Félagsgjaldareikningur		5.100.00
Tímaritsreikningur	11.876.35	2.519.00

Nýalsreikningur	181.765.85	4.830.00
Inneign félagsmanna	1.289.70	49.941.38
Víxilskuldareikningur		69.921.80
Félagsblað	3.270.00	
Gjafa- og áheitareikningur		400.00
Kostnaðarreikningur	2.470.45	
Höfuðstólsreikningur		<u>73.525.07</u>
	<u>225.760.75</u>	<u>225.760.75</u>
Sjóðreikningur	4.724.35	4.474.35
Bankareikningur	36.56	
Vaxtareikningur		4.574.35
Verðbréfareikningur	400.00	
Víxileignareikningur	69.921.80	
Byggingarsj. Stjörnusamb. st.		<u>66.034.01</u>
	<u>300.843.46</u>	<u>300.843.46</u>
Tap á Félagssjóði		640.45
<u>Ágóði Byggingarsjóðs</u>		<u>4.574.35</u>

Endurskoðandur :

Halldór Halldórsson  
Sigurður F. Ólafsson

Ingvar Agnarsson  
gjaldkeri

Efnahagsreikningur pr. 31/12 1963.

	Eignir	Skuldir
Sjóðreikningur	5.510.00	
Bankareikningur	54.90	
Tímaritsreikningur	9.357.35	
Nýalsreikningur	176.935.85	
Inneign félagsmanna		48.651.68
Víxilskuldareikningur		69.921.80
Gjafa- og áheitareikningur		400.00
Höfuðstólsreikningur		<u>72.884.62</u>
	<u>191.858.10</u>	<u>191.858.10</u>
Sjóðreikningur	250.00	
Bankareikningur	36.56	
Verðbréfareikningur	400.00	
Víxileignareikningur	69.921.80	
Byggingarsj. Stjörnusamb. st.		<u>70.608.36</u>
	<u>262.466.46</u>	<u>262.466.46</u>

**Rekstrarreikningur pr. 31/12 1964.**

	Inn	Út
Sjóðreikningur	253.819.84	253.819.84
Bankareikningur	112.543.53	103.912.15
Félagsgjaldareikningur		26.310.00
Tímaritsreikningur	9.357.35	1.940.00
Nýalsreikningur	180.083.15	11.351.35
Áhaldareikningur	6.870.00	2.000.00
Inneign félagsmanna	40.651.68	49.051.68
Víxílskulda reikningur	59.921.80	69.921.80
Gjafa- og áheitareikningur		1.000.00
" Ljósheimar 20 I		99.350.00
Félagsblað	13.670.00	1.112.00
Vaxtareikningur		1.346.73
Kostnaðarreikningur	5.482.82	
" Húsaleiga	11.600.00	
<u>Höfuðstólsreikningur</u>		<u>72.884.62</u>
	694.000.17	694.000.17
Sjóðreikningur	11.097.29	11.097.29
Bankareikningur	76.605.65	42.400.00
Gjafa- og áheitareikningur		2.100.00
Vaxtareikningur		8.997.29
Víxileignareikningur	47.500.00	
<u>Byggingarsj. Stjörnusamb. st.</u>		<u>70.608.36</u>
<hr/>	<hr/>	<hr/>
Ágóði Félagssjóðs		98.365.91
<u>Ágóði Byggingarsjóðs</u>		<u>11.097.29</u>

**Efnahagsreikningur pr. 31/12 1964.**

	Eignir	Skuldir
Sjóðreikningur	0.00	
Bankareikningur	8.631.38	
Tímaritsreikningur	7.417.35	
Nýalsreikningur	168.731.80	
Húsgagnareikningur	6.870.00	2.000.00
Inneign félagsmanna		8.400.00
Víxílskulda reikningur		10.000.00
<u>Höfuðstólsreikningur</u>		<u>171.250.53</u>
	191.650.53	191.650.53

Sjóðreikningur	0.00
Bankareikningur	34.205.65
Víxileignareikningur	47.500.00
<u>Byggingarsj. Stjörnusamb. st.</u>	<u>81.705.65</u>
<u>  </u>	<u>273.356.18</u>
	<u>273.356.18</u>

Endurskoðandi :

Halldór Halldórsson

Sigurður F. Ólafsson  
gjaldkeri

## HLUSTAÐ Á PRESTSVÍGSLU.

-- Nú heyri ég, að biskupinn er að tala yfir prestsefninu á undan vígslunni og leggja honum lífsreglurnar. M.a. segir biskupinn honum, að hann skuli aldrei láta komast að hjá sér neinar efasemdir um, að Jesús hafi allt vald á himni og jörðu. En sé svo, að Jesús hafi slíkt vald, þá mætti spryja, hversvegna hann neyti þess ekki hrjáðu mankyni til hjálpar. En sé leitazt við að skilja, hvað komið hafi Jesú á sínum tíma til að komast svona að orði um sjálfan sig, þá þykir mér liggja í augum uppi, að það hafi verið sambandstilfinning. Þessi guðlega vera á öðrum hnetti, sem hann nefndi föðurinn, hefir verið máttug mjög og fundist hún jafnvel vera allsráðandi ekki einungis á sínum hnetti, heldur einnig hvar sem væri, og þá einnig hér á jörðu. Þessi máttartilfinning sambandsverunnar hefir framleiðzt í Jesú og komið honum til að mæla þessi orð, og þá auðvitað án skilnings á því, hvað um var að ræða. Og auðvitað var þetta ofmælt, eins og rás viðburðanna á þessa jörð hefir sýnt svo að ekki verður um villzt. Svo máttug sem þessi vera kann að vera og hafa verið, hefir henni þó og öðrum slíkum verið það um megn að leiða mankynið á farsældarbraut.

"Mér fannst ég nálega geta allt og vita allt. Í huga mínum réði tilfinning ósigrandi styrkleika". Pannig lýsir Helgi Pjéturss í Framnýal reynslu sinni af guðsambandi sínu. Minntist ég á það einhvern tíma í bréfi til Þorsteins Guðjónssonar, að þarna hafi hjá Helga verið um að ræða samskonar reynsla og þá, sem lýsir sér í nefndum orðum Jesú. Féllst Þorsteinn á það, en bætti við, eitthvað á þá leið, að Helgi hefði haft það fram yfir Jesúm að geta skýrt þá reynslu. Og væri það ólíkt skynsamlegra að taka upp þann skilning í stað þess að trúa, að Jesús hafi raunverulega haft allt vald á himni og jörðu og ætla honum þar með slíkt miskunnarleysi, sem það væri, að láta slíkt vald ónotað til að koma í veg fyrir þær mörgu hörmungar mankynsins, sem gerzt hafa eftir hans daga.

Úr bréfi frá Sveini Haraldssyni.

## EKKI ÓFRÓÐLEGT DÆMI.

Ein meginröksemd dr. Helga Pjéturss fyrir því, að draumar séu ekki einungis komnir upp í vitund dreymandans, er ósamkvæmni draummyndanna og þess, sem dreymandinn þýðir þær fyrir, og hafa draumfræðingar enn ekki veitt þessu nógu vel athygli. Gæti af þessari ástæðu orðið ávinningur af safni nokkurra ljósra dæma um þetta, og fór ég því einhverntíma fram á það við lesendur félagsblaðsins, að þeir sendu mér nokkur. En viti menn hinsvegar af dænum um hið gagnstæða, þá gætu þau einnig, ef raunveruleg væru, reynst athyglisverð og fróðleg. Er ekki fjarri því, að mér finnist svo um dæmi, sem Sveinn Haraldsson sagði mér frá fyrir nokkru og hafði eftir Guðlaugi Ketilssyni. Taldi Guðlaugur sig hafa séð spegilmynd sína í draumi, sem svo hafi verið lík sínu eigin andliti, að hann hafi þar ekki fundið neinn mun. Og það, sem mér þykir fróðlegt við þetta dæmi eða athyglisvert, er samræmi þess við það, sem ég hefi verið að halda fram varðandi fyrirframskynjanir og annað slíkt. Væri þá skýringin sú, að Guðlaugur hafi þarna fengið samband við ástæðing sinn eða tvívara á öðrum hnetti, og þykir mér líklegt, að um slík sambönd sé fremur að ræða hjá þeim, sem draumspakir eru kallaðir. En þó að slík dæmi sem þetta kunni vel að eiga sér stað, þar sem þau eru á þennan hátt skiljanleg, þá hnekkja þau á engan hátt því, sem vikið var að hér að framan. Talar dr. Helgi um það, sem ég einnig hefi reynt, að það sem honum í svefninum þótti vera sitt útlit, var jafnan frábrugðið hinu raunverulega últiti hans. Það eru engin ósannindi, að í hvert skipti sem ég þóttist sjá spegilmynd mína í draumi, var hún mjög frábrugðin eigin últiti mínu, og þó í ekkert skiptið á sama hátt frábrugðin því, og bendir það til þess, að draumgjafinn sé jafnan einn í þetta skiptið og annar í hitt.

Porsteinn Jónsson.

# Efnisyfirlit:

- 3 Inngangsorð  
Þorsteinn Jónsson
- 6 Brotabrot  
Þorsteinn Guðjónsson
- 24 Lög Félags Nýalssinna
- 26 Reikningar Félags Nýalssinna
- 33 Hlustað á prestvígslu  
Úr bréfi frá Sveini Haraldssyni
- 34 Ekki ófróðlegt dæmi  
Þorsteinn Jónsson